



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. nóvember 2020

2011004SA KB/bg
Málalýkill: 00.63

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 85. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 20. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að dómsmálaráðherra setji á fót starfshóp sem verði falið að móta tillögur um bætt verklag um miðlun upplýsinga um heimilisofbeldismál milli kerfa félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisstofnana, skóla og lögregluembætta. Starfshópnum verði m.a. falið að móta tillögur um rýmri lagaheimildir til miðlunar upplýsinga um heimilisofbeldi milli félagsmálayfirvalda, heilbrigðisyfirvalda, menntamálayfirvalda og lögreglu og koma á fót samstarfsvettvangi stjórnvalda. Ráðherra kynni Alþingi niðurstöður starfshópsins eigi síðar en í júní 2021. Fram kemur í greinargerð að til þess að upplýsingagjöf geti átt sér stað með skilvirkum hætti, með hagsmuni brotaþola að leiðarljósi, þurfi skýrari forvirkar lagaheimildir til upplýsingamiðlunar. Einnig er ítrekað mikilvægi þess að samþykki brotaþoli geti ekki komið í veg fyrir inngrip stjórnvalda ef slíkt er andstætt hagsmunum barna.

Sambandið tekur heilshugar undir þingsályktunartillöguna og telur mikilvægt að sambandið eigi fulltrúa í starfshópnum þar sem félagsþjónusta og barnavernd er á ábyrgð sveitarfélaga. Einnig er tekið undir mikilvægi þess að forvirkar lagaheimildir til upplýsingamiðlunar séu til staðar, sérstaklega þegar um er að ræða börn. Mikilvægt er að stjórnvöld geti ávallt miðlað nauðsynlegum upplýsingum milli aðila til að tryggja börnum lögbundna þjónustu en slíkt er í anda frumvarps til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Telur sambandið mikilvægt að meðal annars sé tryggt að barnavernd sé heimilt að miðla nauðsynlegum upplýsingum til félags- og skólþjónustu sveitarfélaga þannig að þjónustuveitendur geti veitt börnum nauðsynlegan stuðning meðan barnaverndarmál eru í vinnslu. Með nauðsynlegum upplýsingum er ekki átt við aðgang að öllum gögnum barnaverndarnefnda heldur lágmarksupplýsingum í samræmi við meðalhófsreglu persónuverndarlaga. Þannig er hægt að tryggja að börn fái snemmtækan stuðning án tafar, óháð því hver niðurstaða barnaverndarmáls er.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri